

PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING VEGNA MIÐLUNAR VOLKSWAGEN GROUP INFO SERVICES AG Á GRUNNUPPLÝSINGUM BÍLA TENGÐUM VERKSMIÐJUNÚMERI FYRIR FÓLKSBÍLA FRÁ VOLKSWAGEN, ATVINNUBIFREIÐAR FRÁ VOLKSWAGEN OG VÖRUMERKIN AUDI, SKODA, SEAT OG CUPRA (VIN SPECIFICATION FYRIR BÍLAFLOTA)

Með þessari persónuverndaryfirlýsingu veitum við þér upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga hjá Volkswagen Group Info Services AG í þeim tilgangi sem hér kemur fram.

Volkswagen Group Info Services AG gegnir hlutverki miðlægs tengipunkts fyrir akstursgögn fyrir ýmis vörumerki innan Volkswagen-samstæðunnar. Miðlun grunnupplýsinga bíls tengdum verksmiðjunúmeri til tiltekins rekstraraðila bílaflota sem núverandi eiganda/umráðaaðila bílsins eða veitanda flotastjórnunarhugbúnaðar að beiðni viðkomandi rekstraraðila bílaflota fer þá fram með miðlægum hætti í gegnum okkur.

A. Ábyrgðaraðili vegna vinnslu persónuupplýsinga

Ábyrgðaraðili vegna vinnslu persónuupplýsinga (sjá lið D.) samkvæmt þessari persónuverndaryfirlýsingu er Volkswagen Group Info Services AG. Þú getur skrifað okkur á eftirfarandi heimilisfang:

Volkswagen Group Info Services AG
Berliner Ring 2
38440 Wolfsburg
Þýskalandi

gis-support@cariad.technology

Skráð í fyrirtækjaskrá undir númerinu HRB 207876 (hjá héraðsdómstól í Braunschweig)

Vefsvæði: <https://drivesomethinggreater.com/>

B. Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi okkar er tengiliður þinn vegna alls sem tengist persónuvernd. Senda skal fyrirspurnir til:

Datenschutzbeauftragter der Volkswagen Group Info Services AG
Berliner Ring 2
38440 Wolfsburg
Þýskalandi

gis-privacy@cariad.technology

C. Tilgangur með vinnslu

Volkswagen Group Info Services AG miðlar tilteknum grunnupplýsingum tengdum verksmiðjunúmeri fyrir fólksbíla frá Volkswagen, atvinnubifreiðar frá Volkswagen og bíla af gerðinni Audi, Skoda, Seat og Cupra áfram til viðkomandi rekstraraðila bílaflota sem er núverandi eigandi/umráðaaðili bílsins eða til veitanda flotastjórnunarhugbúnaðar að beiðni viðkomandi rekstraraðila bílaflota. Þessi miðlun upplýsinga fer fram í þágu flotastjórnunar og tilheyrandi

endurbóta á ferlum og afkastaaukningar við rekstur bílaflota, þ.m.t. áskilinni undangenginni vöruprófun.

Volkswagen Group Info Services AG tekur á móti grunnupplýsingum bíla tengdum verksmiðjunúmeri frá vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar og miðlar þeim síðan tæknilega áfram sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar til viðkomandi rekstraraðila bílaflota, sem er núverandi eigandi/umráðaaðili bílsins, eða til veitanda flotastjórnunarhugbúnaðar að beiðni viðkomandi rekstraraðila bílaflota.

D. Flokkar persónuupplýsinga

Volkswagen Group Info Services AG tekur á móti eftirfarandi persónuupplýsingum frá

- Volkswagen AG (Berliner Ring 2, 38440 Wolfsburg),
- Audi AG (Auto-Union-Str. 1, 85057 Ingolstadt),
- ŠKODA AUTO a.s. (tř. Václava Klementa 869, 293 01, Mladá Boleslav) og
- SEAT CUPRA, S. A. U. (Autovía A-2, km 585, 08760 Martorell)

og miðlar þeim áfram til rekstraraðila bílaflota sem núverandi eiganda/umráðaaðila tiltekins bíls eða til veitanda flotahugbúnaðar að beiðni viðkomandi rekstraraðila bílaflota:

1. verksmiðjunúmeri bílsins,
2. grunnupplýsingum bíls (t.d. árgerð, gerðarnúmeri, tegund gírkassa, tegund eldsneytis o.s.frv.),
3. nafni og heimilisfangi ef um er að ræða einyrkja (sem rekstraraðila bílaflota) eða í þeim tilvikum þar sem skráð firmaheiti eða kennimerki fyrirtækis felur í sér persónuupplýsingar í skilningi almennu persónuverndarreglugerðarinnar (t.d. ef nafn atvinnurekanda er í senn firmaheiti), og
4. samningsnúmer/-skjöl fyrir samninginn milli rekstraraðila bílaflota og valins veitanda flotastjórnunarhugbúnaðar, svo tryggt sé að eingöngu grunnupplýsingum Volkswagen-bíla tengdum verksmiðjunúmeri með gildandi samningi sé miðlað af Volkswagen Group Info Services.

E. Lagagrundvöllur

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Volkswagen Group Info Services AG fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna samkvæmt f-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Volkswagen Group Info Services AG gegnir hlutverki miðlægs tengipunkts vegna miðlunar akstursgagna fyrir ýmis vörumerki innan Volkswagen-samstæðunnar og hefur lögmæta hagsmuni af því að miðla gögnum sem vörumerki innan Volkswagen-samstæðunnar senda til Volkswagen Group Info Services AG í þágu skilvirkari flotastjórnunar áfram til þar til bærri rekstraraðila bílaflota eða veitanda flotastjórnunarhugbúnaðar að beiðni rekstraraðila bílaflota í gegnum gagnamiðstöð okkar (<https://drivesomethinggreater.com/>).

Ef um er að ræða samningssamband við rekstraraðila bílaflota sem er einyrki felst lagagrundvöllurinn í nauðsyn þess að efna samninginn sem gerður hefur verið við rekstraraðila bílaflota (b-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

F. Viðtakendur upplýsinga

Upplýsingarnar þínar eru afhentar eftirtöldum viðtakendum í ofangreindum tilgangi:

- rekstraraðila bílaflota sem er eigandi/umráðaaðili viðkomandi bíls (ábyrgðaraðili);
- vinnsluaðila viðkomandi rekstraraðila bílaflota (t.d. veitandi flotahugbúnaðar); og
- vinnsluaðilum Volkswagen Group Info Services AG.

Aðrir viðtakendur eða flokkar viðtakenda persónuupplýsinga frá Volkswagen Group Info Services AG eru tilgreindir reglulega með uppfærðri persónuverndaryfirlýsingu.

G. Uppruni upplýsinga

Við fengum upplýsingarnar þínar frá:

- Volkswagen AG, Berliner Ring 2, 38440 Wolfsburg
- AUDI AG, Auto-Union-Str. 1, 85057 Ingolstadt,
- ŠKODA AUTO a.s., tř. Václava Klementa 869, 293 01, Mladá Boleslav
- SEAT CUPRA, S.A.U., Autovía A-2, km 585, 08760 Martorell.

H. Geymslutími

Volkswagen Group Info Services AG geymir aldrei þær persónuupplýsingar sem hér eru tilgreindar. Volkswagen Group Info Services AG miðlar upplýsingunum tæknilega áfram, sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar, frá viðkomandi vörumerki til viðkomandi rekstraraðila bílaflota, sem er núverandi eigandi/umráðaaðili bílsins, eða til veitanda flotastjórnunarhugbúnaðar að beiðni viðkomandi rekstraraðila bílaflota. Upplýsingunum er því eingöngu miðlað áfram án þess að þær séu geymdar hjá okkur.

Vegna varðveisluskyldu samkvæmt verslunar- og skattarétti sem og vegna persónuverndarlöggjafar (ábyrgðarskyldu) varðveitir Volkswagen Group Info Services AG eingöngu með vörðum hætti upplýsingar um að til viðtakanda hafi verið miðlað upplýsingum vörunnar „VIN Specification fyrir rekstraraðila bílaflota“ (sjá lið D.) fyrir tiltekið verksmiðjunúmer bíls á grundvelli tiltekins samnings (samningsnúmer/-skjöl) án þess að vista sjálft grunnupplýsingar bíls sem miðlað var áfram (sjá lið D.).

I. Réttindi þín

Þú getur hvenær sem er nýtt þér réttindi þín gagnvart Volkswagen Group Info Services AG þér að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar um hvernig þú getur neytt réttar þíns er að finna á vefsíðunni <https://drivesomethinggreater.com/legal-notice/privacy-notice/data-hub>.

Réttur til aðgangs að upplýsingum

Þú hefur rétt til aðgangs að upplýsingum, þ.e. að óska eftir því að fá staðfestingu á því hvort við vinnum úr persónuupplýsingum sem varða þig og þá hvaða persónuupplýsingar er um að ræða sem og til að fá upplýsingar um til hvaða aðila persónuupplýsingum þínum hefur verið miðlað. Þú hefur jafnframt ávallt rétt á að fá frá okkur afrit af þeim persónuupplýsingum sem við höfum unnið með.

Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu tæknilega áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Réttur til leiðréttingar

Þú hefur rétt á að fara fram á að við leiðréttum rangar eða ófullnægjandi persónuupplýsingar um þig. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Réttur til eyðingar

Þú hefur rétt á að fara fram á að persónuupplýsingum um þig sé eytt, að uppfylltum skilyrðum 17. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Þú getur þá til dæmis farið fram á að upplýsingunum sé eytt ef þær eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra. Þú getur einnig farið fram á að persónuupplýsingum þínum sé eytt ef vinnsla okkar á upplýsingunum byggist á samþykki þínu og þú dregur samþykki þitt til baka. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Réttur til takmörkunar á vinnslu

Þú hefur rétt á að fara fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna verði takmörkuð þegar skilyrði 18. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar eiga við. Um slíkt er meðal annars að ræða þegar þú vefengir að persónuupplýsingarnar sem við vinnum með séu réttar. Þú getur farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna sé takmörkuð þar til staðfest hefur verið að þær séu réttar. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Réttur til að flytja eigin gögn

Ef vinnsla persónuupplýsinga byggist á samþykki eða samningsefndum og er jafnframt sjálfvirk hefur þú rétt á að fá persónuupplýsingarnar á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og senda þær til annars ábyrgðaraðila. Þú hefur einnig rétt á að fara fram á að við sendum persónuupplýsingar þínar beint til annars ábyrgðaraðila. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Andmælaréttur

Svo fremi sem vinnsla okkar á persónuupplýsingum fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna hefur þú rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinganna vegna sérstakra aðstæðna þinna. Ef andmæli þín eiga við um vinnslu persónuupplýsinga í þágu beinnar markaðssetningar getur þú nýtt þér almennan andmælarétt sem við munum virða án þess að tilgreina þurfi ástæður.

Réttur til að draga samþykki til baka

Ef vinnsla persónuupplýsinganna byggist á samþykki hefur þú rétt á að draga samþykki þitt til baka hvenær sem er með framvirkum hætti, þér að kostnaðarlausu, með því að senda tölvupóst á gis-support@cariad.technology.

Ábending í samræmi við 11. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar

Við vekjum athygli á því að við sem Volkswagen Group Info Services AG getum í mörgum tilvikum ekki persónugreint aðra notendur eða aðalnotendur bílsins og samkvæmt 11. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar er okkur ekki skylt að afla eða vinna viðbótarupplýsingar til að persónugreina skráðu einstaklingana.

Þegar þú neytir réttar þíns gagnvart okkur þurfum við að ganga úr skugga um að þú teljist vera skráður einstaklingur í skilningi almennu persónuverndarreglugerðarinnar og kunnum því að óska eftir frekari upplýsingum frá þér. Þannig er jafnframt tryggt að við brjótum ekki gegn réttindum þriðja aðila þegar við afhendum persónuupplýsingar.

Sjálfvirk ákvarðanataka

Ekki fer fram sjálfvirk ákvarðanataka samkvæmt 22. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

Réttur til að leggja fram kvörtun

Þú hefur jafnframt rétt á að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi vegna vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum. Volkswagen Group Info Services AG heyrir undir eftirfarandi eftirlitsyfirvald:

Der Landesbeauftragte für den Datenschutz Niedersachsen,

Prinzenstraße 5,

30159 Hannover,

poststelle@lf.niedersachsen.de.

Útgáfa: Desember 2025